



Alþingi  
Erindi nr. P 140/1237  
komudagur 29.2.2012

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 28.02.2012  
Tilv. 023  
HJ

**Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014, 392. mál og samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022, 393. mál.**

Siglingastofnun Íslands vísar til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis dags. 3. febrúar 2012, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd þingsins óskar umsagnar um ofangreind mál.

Fulltrúar Siglingastofnunar Íslands tóku þátt í samningu tillagnanna auk þess sem siglingamálastjóri situr í samgönguráði, sem hefur yfirumsjón með gerð samgönguáætlunar, sbr. 3. gr. laga nr. 33/2008 um samgönguáætlun. Siglingamálakafli tillagnanna er að stærstum hluta í samræmi við drög sem samgönguráð skilaði af sér til innanríkisráðherra þann 12. nóvember 2011.


Siglingastofnun vill sérstaklega benda á hvað varðar rekstur stofnunarinnar þá fylgja fjárlög ársins 2012 ekki þeim ramma sem settur var upp af innanríkisráðuneytinu við gerð samgönguáætlunar. Í töflu 2.1 á bls. 5 í fjögurra ára áætluninni er þannig gert ráð fyrir rekstrargjöldum að upphæð 1.023,9 m.kr árið 2012 en í fjárlögum er samsvarandi tala 26,9 m.kr. lægri. Því er nauðsynlegt að skera niður verkefni um 26,9 m.kr. frá því sem segir í töflu 2.1.

Mikill niðurskurður hefur verið á rekstri Siglingastofnunar milli áranna 2008 og 2012 eða um 25% að raungildi og framlög úr ríkissjóði hafa lækkað enn meira eða um 35%, þar sem sértekjur hafa verið auknar að raungildi. Stofnunin á í erfiðleikum með að sinna lögbundnum verkefnum svo vel sé og því er erfitt að benda á verkefni þar sem raunhæft er að draga saman seglin. Væntanlega verður niðurskurðurinn í ár að lenda með enn meiri þunga en áður á verkefnum sem byggja mikið á aðkeyptri þjónustu svo sem rannsóknum og áætlun um öryggi sjófarenda. Í athugasemdum við fjögurra ára áætlunina eru í kafla 2.1.2 tilgreind nokkur rannsóknarverkefni sem ætlunin er að vinna að næstu árin. Má þar t.d. nefna könnun á möguleikum á nýrri innsiglingu við Hornafjarðarós og dýpkun á Grynnslunum utan við ósinn en innsiglingin um Hornafjarðarós er takmarkandi þáttur í þróun útgerðar á Höfn. Ef niðurskurðurinn, sem ákveðinn var í fjárlögum 2012, verður viðvarandi er ljóst að ekki er lengur rúm fyrir verkefni sem þetta (kostnaður nokkrir tugir milljóna) innan fjárhagsrammans sem Siglingastofnun er markaður. Því er nauðsynlegt að koma framlögum til rannsókna og þróunar aftur til fyrra horfs ef nást á að skapa útgerð og siglingum hér við land hagkvæmar og öruggar aðstæður í framtíðinni.

Framlög til stofnkostnaðarverkefna á fjárlögum 2012 eru í samræmi við tillögu að samgönguáætlun. Áréttað skal sérstaklega að gert er ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til nýframkvæmda í höfnum í eigu sveitarfélaga minnki verulega frá og með árinu 2013. Það er í samræmi við ákvæði í hafnalögum um minni greiðsluþátttöku ríkissjóðs í nýframkvæmdum en var í eldri lögum.

Virðingarfyllst,

E.h. Siglingastofnunar Íslands,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hermann Guðjónsson', written over a horizontal line.

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri